

Keppnisreglur ESGA og ESLGA

ESGA - European Senior Golf Association - sem stofnuð voru 1981, eru samtök kylfinga sem hafa það markmið að efla keppniskolf hjá eldri kylfingum. ESGA skipuleggur þrjú Evrópumót árlega fyrir kylfinga á aldrinum 55 og eldri, 65 ára og eldri og 75 ára og eldri. Það land sem heldur keppnina sér um alla framkvæmd.

ESLGA - European Senior Ladies' Golf Association - eru sambærileg samtök kvenna stofnuð 2005. Árið 1981 hélt ítalski kylfingurinn Marisa Sgaravatti keppni milli þriggja Evrópuþjóða. Þremur árum seinna, árið 1984 var ESGWA stofnað með fleiri keppnisformum. Árið 2005 tók EGA yfir hluta af starfsemi ESGWA sem var lagt niður í kjölfarið. ESLGA tók við keppninni sem kennd er við Marisa Sgaravatti. Frá 2014 hefur ESLGA einnig skipulagt Evrópukeppni kvenna 65 ára og eldri.

Hér eru helstu atriði úr keppnisreglum ESGA og ESLGA til upplýsingar fyrir keppendur og þá sem eru að fara keppa til landsliðs.

Landslið karla 55 ára og eldri - Seniors

- Ísland sendir tvö sex manna landslið með og án forgjafar.
- Keppt er í meistaraflokki þ.e. án forgjafar og svo bikarkeppni þar sem keppt er með forgjöf.
- Landsliðsmaður þarf að minnsta kosti að vera 55 ára eða að verða 55 ára á því ári sem keppnin fer fram.
- Keppnin er liðakeppni sex einstaklinga þar sem fjögur bestu skor telja.
- Sigurvegarar eða þeir sem keppa án forgjafar mega ekki hafa hærri forgjöf en 12.
- Í bikarkeppninni þar sem keppendur keppa með forgjöf, er leikforgjöf að hámarki 16. Keppandi má hafa allt að 20 í forgjöf.
- Meistarakeppnin og bikarkeppnin er 54-holu högggleikur þar sem keppt er á 18-holu velli á þremur dögum.
- Golfbílar eru ekki leyfðir hvorki fyrir keppendur né liðsstjóra.
- Lengdarmælitæki eru leyfð í samræmi við golfreglur.
- Símar eru ekki leyfðir nema til að hringja í dómara eða í neyð.
- Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í liðakeppni og einnig þeim einstaklingum sem skora best í meistaraflokki og bikarkeppni.
- Hámarks lengd vallar í meistarakeppni er 6000 m miðað við 72 holu völl og lengd par-þrjú-holu skal ekki vera lengri en 180 m.
- Hámarkslengd vallar í bikarkeppni er 5800 m miðað við 72-holu völl og lengd par-þrjú-holu skal ekki vera lengri 170 m.

Landslið karla 65 ára og eldri - Super Seniors

- Ísland sendir tvö sex manna lið til keppni, með og án forgjafar.
- Keppt er í meistaraflokki þ.e. án forgjafar og svo bikarkeppni þar sem keppt er með forgjöf.
- Í keppni meistara er hámarksforgjöf 18 en í bikarkeppninni 20 en keppandi má hafa að hámarki 24 í forgjöf.
- Landsliðsmaður þarf að minnsta kosti að vera 65 ára eða verða 65 ár á því ári sem keppnin fer fram.
- Keppnin er 54-holu högggleikur sem fer fram á 18-holu velli á þremur dögum.

- Fyrstu tvo dagana er keppt í parakeppni í betri bolta og á þriðja degi er einstaklingskeppni.
- Tvö bestu skorin í parakeppni og 4 bestu skorin í einstaklingskeppni telja sem heildarskor liðsins.
- Í parakeppni með forgjöf reiknast leikforgjöfin 85% af forgjöf.
- Golfbílar eru leyfðir.
- Lengdarmælitæki eru leyfð í samræmi við golfreglur.
- Símar eru ekki leyfðir nema til að hringja í dómara eða í neyð.
- Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í liðakeppni og einnig þeim einstaklingum sem skora best í meistara- og bikarkeppni.
- Hámarks lengd vallar er 5800 m miðað við 72-holu völl og lengd par-þrjú-holu skal ekki vera lengri 170 m.

Landslið karla 75 ár og eldri - Masters

- Ísland hefur ekki sent út lið í þessa keppni fyrr. Ef nægileg þátttaka fæst verður lið sent til keppni.
- Landslið 75 ára og eldri eru fjórir einstaklingar.
- Hámarksforgjöf er 24.
- Keppandi skal vera minnst 75 ára eða ná þeim aldri á árinu þegar keppnin fer fram.
- Keppt er í 54-holu högggleik með forgjöf, á þremur dögum.
- Keppt er í parakeppni í tvo daga og einstaklingskeppni á lokadegi.
- Parakeppnin er fjórleikur án forgjafar og samtímis með forgjöf þar sem leikforgjöf er 85% af forgjöf.
- Verðlaun eru veitt tveimur efstu liðum í flokkum með og án forgjafar.
- Lið getur ekki fengið verðlaun í báðum flokkum.
- Verðlaun eru veitt einstaklingi sem hefur besta skor án forgjafar.
- Golfbílar eru leyfðir.
- Lengdarmælitæki eru leyfð í samræmi við golfreglur.
- Símar eru ekki leyfðir nema til að hringja í dómara eða í neyð.
- Hámarks lengd vallar er 5600 m miðað við 72-holu völl og lengd par-þrjú-holu skal ekki vera lengri 150 m.

Landslið kvenna 50 ára og eldri - Marisa Sgaravatti Trophy

- Landslið 50 ára og eldri eru fimm keppendur.
- Forgjöf keppanda skal vera á bilinu 5 til 16.
- Keppandi skal vera 50 ára eða eldri eða verða 50 ára á keppnisárinu.
- Keppnin er annars vegar högggleikur, 36 holur, í tvo daga þar sem fjórir bestu telja og hins vegar holukeppni á þriðja og fjórða degi.
- Keppt er í holukeppni í riðlum.
- Röðun í holukeppni ákvarðast af gengi liðsins í högggleiknum.
- Golfbílar eru ekki leyfðir.
- Símar eru ekki leyfðir nema til lengdarmælinga, kalla á dómara eða í neyð.
- Keppt er á teigum sem nefndin ákveður.
- Þrjú efstu lið hljóta verðlaun.

Landslið kvenna 65 ára og eldri - Masters

- Landslið 65 ára og eldri eru 4 keppendur.
- Forgjöf skal vera 14 eða lægri.

- Keppandi skal vera 65 ára eða eldri eða ná 65 ára aldri á árinu sem keppnin fer fram.
- Keppnin er annars vegar högggleikur, 36 holur, í tvo daga þar sem fjórir bestu telja og hins vegar holukeppni á þriðja og fjórða degi.
- Í holukeppni er keppt í riðlum.
- Röðun í holukeppni ákvarðast af gengi liðsins í högggleiknum.
- Golfbílar eru leyfðir.
- Símar eru ekki leyfðir nema til lengdarmælinga, kalla á dómara eða í neyð.
- Keppt er á teigum sem nefndin ákveður.
- Þrjú efstu lið hljóta verðlaun.